



# Fornleifaskráning

vegna fyrirhugaðs jarðstrengs og  
endabúnaðartengivirkis í  
Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu



Bjarni F. Einarsson  
2005

Forsíðumyndin sýnir fornleifar nr. 4. Rústin er hugsanlega sú elsta sem nú var skráð fyrir utan fornleiðina nr. 2. Ofan við þessa rúst heita hamrarnir Hrosshamrar og sunðið fyrir neðan þá heitir Hrosshamrasund. Kannski segja þessi örnefni til um til hvers rúst nr. 4 var notuð! Horft til V. Ljósm. B.F.E.

## **F**ORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir FSJV  
Apríl 2005

### ***Inngangur***

Að beiðni KEJV (Kárahnjúkar Engineering Joint Venture) kannaði Fornleifafræðistofan svæði í kringum fyrirhugað endabúnaðartengivirki við FL2 og tillögu að jarðstreng frá gangamunnum í Norðurdal að hinu fyrirhugaða tengivirki. A.m.k. 100 m breið lína var könnuð þar sem tillaga að jarðstreng er og allt bæjarstæði Brattagerðis og a.m.k. 100 m svæði utan um það. Allt svæðið frá bæjarstæðinu beint niður að ánni var einnig kannað, þó ekki meira en svo.


Gamla fornleiðin var aðeins skoðuð hjá Brattagerði og svo á stöku stað til suðvesturs með ánni.

Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem Örnefnaskrár, Friðlýsingarskrá, Sýslu- og sóknarlýsingar og ýmsar jarðabækur og manntöl.

Vettvangsvinna fór fram þann 14. apríl síðastliðinn. Hin fyrirhugaða leið jarðstrengsins var ekin í fylgd tengiliðar framkvæmdanna en önnur svæði gengin. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Haldið var áfram að gefa hlaupandi númer.


Utan við hið kannaða svæði varð vart fornleifa sem ekki voru skráðar. Tengiliður framkvæmdanna var Sigmundur Einarsson jarðfræðingur, en verkkaupi er Landsnet hf.





Mynd 1. Hluti af því svæði sem kannað var. Engar fornleifar fundust á leiðinni frá Norðurdal að Veturhúsum (fornleifum nr. 8) þar sem fyrirhugað er að setja niður jarðstreng. Mun hann liggja nálægt vegum og á áreyrum. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: BFE.





Mynd 2. Loftmynd af svæðinu í kringum Brattagerði og staðsetning einstakra minja þar. Niður af Forvaða var hið forna Skálavað (ekki skráð) sbr. Hrafnkelssögu. Ljósm. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

### ***Skráningin***

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (Þjóðminjalög 2001).



Mynd 3. Staðsetning meints sels neðan við malaveginn. Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði sjö staðir með fleiri en nú minjum<sup>1</sup>.

Af þessum sjö stöðum teljast tveir hafa hátt minjagildi, þ.e.a.s. meint sel nr. 7 og Veturhús, fornleifar nr. 8. Þess ber þó að geta að engar heimildir eru fyrir því að rúst nr. 7 sé sel og sé sú túlkun röng breytist minjagildið til minnkunnar.

<sup>1</sup> Á bæjarstaði Brattagerðis eru vafalítið fleiri minjar undir grasrótinni, þó ekki hafi verið hægt að tilgreina þær með vissu.

Talsvert minjagildi hafa tveir staðir, nr. 3:1-3 og nr. 4. Bent skal á að bæjarstæði eyðibýlisins Brattagerðis hefur í heild sinni talsvert minjagildi, þó einstakar rústir þar hafi annað gildi.

Tveir staðir hafa lítið minjagildi, nr. 5 og 6 (vörður).

Engar minjar eru taldar hafa hátt varðveislugildi, þrír staðir hafa talsvert varðveislugildi og fjórir staðir lítið.

Í ágætu ástandi voru fjórar minjar á þremur stöðum, í sæmilegu ástandi voru fjórar minjar á fjórum stöðum og í lélegu ástandi voru tveir staðir með fleiri en tveimur fornleifum.

Einn staður var talinn í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við endabúnaðartengivirkið og tveir staðir í talsverðri hættu vegna fyrirhugaðs jarðstrengs. Aðrir staðir voru í lítilli hættu vegna skógræktar og tveir staðir ekki í neinni hættu (sjá mynd 1). Hættumatið og hættan breytist ef breyting verður á legu einstakra mannvirkja sem byggja á. Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Varðandi minjar nr. 3:1 og 3:2 þarf engra mótvægisáðgerða við sökum aldurs þeirra, en þær eru trúlega byggðar ofan í eldri minjar og því þarf að leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins þurfi að raska þeim.

| Nr.      | Teg.      | Fj.           | Hættumat     | Hættu    | Ástund | Alkur     | Varðveislugildi | Minjagildi | Fríðlýst |
|----------|-----------|---------------|--------------|----------|--------|-----------|-----------------|------------|----------|
| 2        | Fornleið  | 1             | Tengivirki   | Mikil    | Sæm.   | 1550-1900 | Lítið           | Lítið      | Nei      |
| 3:1-3    | Eyðibýli  | >3            | Skógrækt     | Lítill   | Lélegt | 1550-1900 | Lítið           | Talsvert   | Nei      |
| 1        | Fjárhús   | 1             | Skógrækt     | Lítill   | Ágætt  | 1900-     | Lítið           | Lítið      | Nei      |
| 2        | Fjárhús   | 1             | Skógrækt     | Lítill   | Sæm.   | 1900-     | Lítið           | Lítið      | Nei      |
| 3        | Túngarður | 1             | Skógrækt     | Lítill   | Ágætt  | 1550-1900 | Talsvert        | Talsvert   | Nei      |
| 4        | Rúst      | 1             | Skógrækt     | Lítill   | Ágætt  | 1550-1900 | Talsvert        | Talsvert   | Nei      |
| 5        | Varða     | 1             | Ekkert       | Engin    | Ágætt  | 1550-1900 | Lítið           | Lítið      | Nei      |
| 6        | Varða     | 1             | Ekkert       | Engin    | Lélegt | 1550-1900 | Lítið           | Lítið      | Nei      |
| 7        | Rúst      | 1             | Jarðstrengur | Talsverð | Sæm.   | 1550-1900 | Talsvert        | Hátt       | Nei      |
| 8        | Rúst      | 1             | Jarðstrengur | Talsverð | Sæm.   | 1550-1900 | Talsvert        | Hátt       | Nei      |
| 7 staðir |           | >9 fornleifar |              |          |        |           |                 |            |          |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar. Bent skal á að ef hættan vegna lagningar jarðstrengs verður engin vegna breyttrar legu hans, eru viðkomandi fornleifar í lítilli hættu vegna skógræktar (sjá nánar fornleifaskrá).

Allar minjarnar eru taldar vera frá tímabilinu 1550 – 1900, nema tvær. Þær eru fjárhúsin (beitarhúsin) á bæjarstæði Brattagerðis. Fornleifar nr. 2 og 4, fornleið og rúst, gætu vel verið mun eldri eða frá miðöldum. Ástæða þykir til að merkja fornleifar nr. 7 og 8 inn á almenn kort.

Skv. 12 gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt



sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

### **Niðurstaða**

Alls fundust sjö staðir með fleiri en níu fornleifum á þeim svæðum sem könnuð voru. Annarsvegar voru tveir staðir skráðir þar sem fyrirhugað er að setja niður jarðstreng. Mælt er með því að fornleifafræðingur verði viðstaddur þegar strengurinn verður lagður hjá þessum fornleifum. Þetta á þó ekki við ef farið er a.m.k. 20 m upp fyrir fornleifar nr. 8 og upp fyrir fossinn rétt ofan við fornleifar nr. 7. Hins vegar voru fimm staðir á og við bæjarstæði eyðibýlisins Brattagerðis. Þar mun sjálft endabúnaðartengivirkið eða jarðstrengurinn raska fornleiðinni nr. 2. Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að gera það, en mótvægisáðgerða er ekki þörf að mati höfundar.

Skrá þurfti allt bæjarstæði Brattagerðis svo hægt yrði að leggja mat á staðsetningu endabúnaðartengivirkisins og hvort hún væri ásættanleg út frá minjavörslusjónarmiðum. Vegna þessa rasks sem þar hefur orðið eru engar ástæður til að hafna staðsetningunni. Varðveislugildi staðarins er lítið.

Sé ekki hægt að tryggja öryggi fornleifa verður að rannsaka þær með einum eða öðrum hætti. Sækja þarf um leyfi til slíks til Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla og annara ökutækja með tilliti til fornleifa. Væntanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Merkilegustu fornleifarnar sem skráðar voru eru fornleifar nr. 4, 7 og 8. Fornleifar nr. 2, fornleiðin, gæti verð mun eldri en 1550, eins og fornleifar nr. 4.

### **Heimildir**

- Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- H.Hg. [Helgi Hallgrímsson]. Skógræktarsvæðið Hrafnkelsstaðir - Víðiv. ytri – Klúka. Náttúru- og söguminjar. Handrit. Örnefnastofnun.
- Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.
- Manntal á Íslandi árið 1703.* Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Reykjavík 1924–1947.
- Manntal á Íslandi 1816.* Prentað að tilhlutan ættfræðifélagsins með styrk úr ríkissjóði. Akureyri og Reykjavík 1947–1974.
- Sýslu- og sóknarlýsingar. Múlasýslur. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 2000.
- Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.
- Örnefnaskrá. Hrafnkelsstaðir II. Handrit. Örnefnastofnun.
- Örnefnaskrá með korti. Víðivellir ytri. Handrit. Örnefnastofnun.

### **Fylgiskjal:**

Fornleifaskrá Fljótsdalshrepps nr. 2 – 8.



# Fornleifaskrá

Aðalnr.

2

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshreppur

Tákntala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°02.517 W 014°54.310

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

6

Tegund minja

Fornleið

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tengivirki

Mikil

Sæmilegt

1550-1900

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Leiðin liggur austan við Jökulsá í Fljótdal, bæði ofan og neðan við núverandi malarveg sem þar fer um. Yfir holt og móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Fornleið.**

Leiðin liggur NA - SV og er víða um 1,5 - 2,5 m breið og 0,4 - 1 m djúp þar sem hún var skoðuð við Brattagerði. Leiðin er víðast hvar vel gróin, en þó rofabakkar í henni á stöku stað.

Kaflinn við Brattagerði er um 60 m langur og er rofinn af malavegi í NA. Hvar leiðin lá frá Brattagerði er ekki alveg ljóst, en finna má leiðina aftur nokkru sunnar og þá býsna nærri ánni. Liggur hún með henni alllangan spöl til suðvesturs eða að fornleifum nr. 7 og trúlega einnig að nr. 8. Eftir það verður leiðarinnar ekki vart.

GPS var mælt þar sem leiðin er skorin af línuvegi að mastri (skástæðu).

Teikning/liósmýnd



Ljósmýnd



Ljósmýndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

3

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshreppur

Tákntala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Brattagerði

Undirnr.

1-3

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°02.470 W 014°54.291

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

6

Tegund minja

Eyðibýli

Tilgáta

Fjöldi

&gt;3

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Skógrækt

Lítill

Lélegt

1550-1900

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

## Lega og staðhættir

Í talsvert brattri brekku ofan við malarveg sem liggur austan við Jökulsá í Fljótsdal.

## Heimildir og munnmæli

H.Hg. [Helgi Hallgrímsson]. Skógræktarsvæðið Hrafnkelsstaðir - Viðiv.ytri - Klúka. Náttúru- og söguminjar. Handrit. Örnefnastofnun. Hrafnkelsstaðir II. Örnefnaskrá. Handrit. Örnefnastofnun Íslands. Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn 1847.

## Lýsing

### Eyðibýli.

Á um 60 x 130 m stóru svæði (NA - SV) sem er vel grasi gróið.

Ekki sést lengur hvar bæjarhúsin eru vegna sléttunar og fjárhúsa sem hafa verið byggð á staðnum eftir að bærinn fór í eyði. Aðeins túngarðurinn er eftir frá tímum bæjarins og óljós rústabrot innan hans.

Býlisins fannst ekki getið í öðrum heimildum en Örnefnaskrá og Jarðatali frá 1847. Í síðari heimildinni segir neðanmáls um Brattagerði: „Með þessu nafni verður ekkert annað ból fundið í sýslunni enn eyðihjáleiga, sem 1760 og 1804 er talin með Rafnkelsstöðum.“ (Jarðatal 1847:356). Stuttu síðar segir í sömu heimild: „1804 og nú hjá sýslumanni er jörð þessi [Rafnkelsstaðir = Hrafnkelsstaðir] talin 12 h. að dýrleika. 1760 eru 2 eyðihjáleigur, Brattagerði (128) og Hrólfsgerði, taldar hér með.“ (Sami 1847:357).

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

## Athugasemdir

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

3

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshreppur

Tákntala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°02.485 W 014°54.283

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

6

Tegund minja

Fjárhús

Tilgáta

Beitarhús

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Skógrækt

Lítill

Ágætt

1900-

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

## Lega og staðhættir

Í talsvert brattri brekku ofan við malarveg sem liggur austan við Jökulsá. Í túni.

## Heimildir og munnmæli

H.Hg. [Helgi Hallgrímsson]. Skógræktarsvæðið Hrafnkelsstaðir - Víðiv.ytri - Klúka. Náttúru- og söguminjar. Handrit. Örnefnastofnun. Hrafnkelsstaðir II. Örnefnaskrá. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

## Lýsing

### Fjárhús.

7 x 14 m (NA - SV). Veggir úr grjóti og torfí, 1 - 1,8 m breiðir og 0,1 - 1 m háir (utanvert).

Tvö hólfr eru á rústinni (hólf A og B). Dyr eru á hólfi A til SA. Lágur milliveggur er á milli hólfa. Hólf A er fjárhús og hólf B er hlaða. Eftir endilöngu hólfi A er garður (jata).

Rústin er mjög niðurgráfin, sérstaklega hólf B. Þar eru veggir allt að 2 m háir að innanverðu.


Garðlög eru greinileg í báðum hólfum að utan sem innan. Víða er komið rof í vegg og þar sér í torfstrengi.

Grjót er á stöku stað í gólfum og bárujárn og timburleifar sömuleiðis (þakrestar).

Við NV horn rústarinnar er áfastur túngarður (fornleifar 3:3), sem er frá tímum Brattagerðis.

Í Örnefnaskrá segir að á staðnum séu nú beitarhús frá gamalli tíð. Bendir það til þess að eldri leifar húsa kunni að leynast undir þessu.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

## Athugasemdir



# Fornleifaskrá

Aðalnr.

3

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótshreppur

Tákntala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Undirnr.

2

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°02.470 W 014°54.291

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

6

Tegund minja

Fjárhús

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Skógrækt

Lítill

Sæmilegt

1900-

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

## Lega og staðhættir

Í talsvert brattri brekku ofan við malarveg sem liggur austan við Jökulsá. Í túni.

## Heimildir og munnmæli

H.Hg. [Helgi Hallgrímsson]. Skógræktarsvæðið Hrafnkelsstaðir - Víðiv.ytri - Klúka. Náttúru- og söguminjar. Handrit. Örnefnastofnun. Hrafnkelsstaðir II. Örnefnaskrá. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

## Lýsing

### Fjárhús.

17 x 21 m (NV - SA). Veggir úr grjóti og torfi, ca. 1,5 - 2 m breiðir og 0,2 - 1,8 m háir (að utanverðu).

Í meginatriðum er um þrjú hólfa að ræða (hólf A - C).

Dyr eru á hólfi A til SV og aðrar til NV. Skilrúm á milli hólfa A og B sést varla. Dyr hafa trúlega verið á hólfi C til SV. Skilrúm á milli hólfa C og A er ógreinilegt.

Í hólfi A eru allavega tveir garðar (jötur) og fyrir enda þeirra til SA er hlaða (sem gæti verið sér hólf). Garðlög eru greinileg að innan sem utan, sérstaklega þó að innanverðu.


Hólf A og B eru mjög niðurgrafin í brekkuna og er SA veggur rústarinnar allur niðurgraffinn.

Veggir eru orðnir nokkuð slitróttir og víða komið rof í þá. Þeir eru allt að 3 m á hæð að innanverðu í S horni.

Hugsanlega hefur minna hús verið byggt inni í tóttinni.

Á gólfum eru leifar af þaki (járn og timbur).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

## Athugasemdir

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

3

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshreppur

Tákntala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Undirnr.

3

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

Viðmiðun

M.y. sjó

Skekkja

Tegund minja

Túngarður

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Varðveislugildi

Minjagildi

Merkja?

Skógrækt

Lítill

Ágætt

1550-1900

Talsvert

Talsvert

Nei

Skrásetjari

Dags.

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Bjarni F. Einarsson

14.04.2005

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Í talsvert brattri brekku ofan við malarveg sem liggur austan við Jökulsá. Utan um tún.

Heimildir og munnmæli

H.Hg. [Helgi Hallgrímsson]. Skógræktarsvæðið Hrafnkelsstaðir - Víðiv.ytri - Klúka. Náttúru- og söguminjar. Handrit. Örnefnastofnun.

Lýsing

**Túngarður.**

Garðurinn virðist hafa umlukið allt að 60 x 100 m stórt svæði (NA - SV).

Hann er úr grjóti (og torfi?), 1 - 1,5 m breiður og 0,3 - 0,7 m hár.

Garðurinn liggur frá rúst 3:1 til SV. Þá beygir hann upp brekkuna og beygir svo aftur til NA. Vantar verulega á NA og N hluta garðsins, en þó má sjá hvar hann lá (þar er girðing og þar sleppir túni). Vesturhluti garðsins myndar eins konar stall, en þar hefur brekkan verið tekin af með því að setja efni innan við túngarðinn og slétta þannig túnið (sjá efri mynd).

Viða sést í grjót.

Túngarðurinn hefur tilheyrt hjáleigunni Brattagerði. Hann er vel gróinn grasi.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

4

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshreppur

Tákntala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°02.405 W 014°54.350

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

5

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Skógrækt

Lítill

Ágætt

1550-1900

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 70 m SSV af túngarði Brattagerðis (fornleifar nr. 3:3), í dalskoru upp af lækjardragi austan við malarveg.

Heimildir og munnmæli

Víðivellir ytri og örnefnakort. Örnefnaskrá. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Lýsing**Rúst.**


3,5 x 6 m (A - V).

Veggir úr torfi og grjóti, um 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir.

Dyr snúa mót A og virðast kamparnir mynda einskonar göng. Rústin er vel gróin.

Hún gæti verið býsna forn, jafnvel eldri en 1550.

Hamrar ofan við rústina heita Hrosshamrar ogundið þar undir Hrosshamrasund.

Teikning/ljósmyndLjósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir



# Fornleifaskrá

Aðalnr.

5

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótshreppur

Tákntala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°02.405 W 014°54.416

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

5

Tegund minja

Varða

Tilgáta

Landamerki

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 70 m SV af túngarði (fornleifar nr. 3:3). Á kletthól um 50 m austur af malarvegi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

0,7 x 1 m (NA - SV) og 0,8 m há. Úr grjóti.

Varðan gæti verið landamerki eða eyktarmark. Sú staðreynd að um tvær vörður er að ræða (fornleifar nr. 5 og 6) bendir til landamerkja, ekki eyktarmarks.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

6

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótshreppur

Tákntala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°02.413 W 014°54.474

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

5

Tegund minja

Varða

Tilgáta

Landamerki

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 75 - 80 m SV af túngarði (fornleifar nr. 3:3). Á klettahól um 30 m austur af malarvegi og um 50 m V af vörðu 5.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Varða.**

Vörðubrot, 1 x 1 m og 0,3 m hátt. Úr grjóti. Vaðan er fallin.

Gæti verið landamerki eða eyktarmark. Sú staðreynd að um tvær vörður er að ræða (fornleifar nr. 5 og 6) bendir til landamerkja, ekki eyktarmarks.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

7

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótshreppur

Táknatala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°01.952 W 014°55.133

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

5

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Sel

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Jarðstrengur

Talsvert

Sæmilegt

1550-1900

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Hátt

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 10 m neðan við (vestan) malarveg og um 5 m norður af læk. Í grösugum hvammi.

Heimildir og munnmæli

Víðivellir ytri. Örnefnaskrá. Handrit.  
Örnefnastofnun Íslands.

Lýsing**Rúst.**

Um 6 x 9 m (NNA - SSV). Veggir úr grjóti og torfi, um 1 - 2,5 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir.

Trúlega eru tvö hól á rústinni. Grjót sést í N hluta hennar.

Rústin er löskuð (af læk og/eða vegna vegagerðar).

Að rústinni úr norðri liggur fornleið (fornleifar nr. 2). Ekki er hægt að greina hana frá rústinni til suðurs.

Ekki er hægt að útiloka að fleiri fornleifar finnist í hvamminum, t.d. undir núverandi malarvegi eða sunnan við lækinn.

Kannski var þetta arftaki Fornasels, sem er talsvert ofar í hliðinni og aðeins sunnar.

Teikning/ljósmyndLjósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með því að fornleifafræðingur verði viðstaddur þegar línan er lögð hjá rústinni.



# Fornleifaskrá

Aðalnr.

8

Sýsla

Norður Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshreppur

Táknatala

7505

Landareign

Hrafnkelsstaðir II

Nr

Heiti

Veturhús

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 65°01.710 W 014°55.360

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekka

5

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Eyðibýli

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Jarðstrengur

Talsverð

Sæmilegt

1550-1900

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Hátt

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

14.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

## Lega og staðhættir

Um 5 m SA af malarvegi og 10 m N af læk. Í grasi gróinni brekkurót.

## Heimildir og munnmæli

H.Hg. [Helgi Hallgrímsson]. Skógræktarsvæðið Hrafnkelsstaðir - Víðiv.ytri - Klúka. Náttúru- og söguminjar. Handrit. Örnefnastofnun. Manntal á Íslandi 1703. Árni Magnússon og Páll Vídalín. Reykjavík 1924-1947. Víðivellir ytri. Örnefnaskrá. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

## Lýsing

### Rúst.

12 x 16 m (NA - SV). Veggir úr grjóti og torfi, 0,2 - háir. Breidd þeirra verður varla greind að viti. Nákvæmt form rústarinnar er ekki greinanlegt, en þó má sjá allavega 3 - 4 hólfi. Veggheðslur má sjá á stöku stað (sjá neðri mynd).

Rústin er vel gróin grasi.

Rústin gæti verið leifar af hjáleigu.

Neðan við rústina eru gömul tún í órækt. Við lækinn sem þar er gætu einnig verið leifar af fornleiðinni (fornleifar nr. 2).

Í Örnefnaskrá segir að þetta séu gömul beitarhús. Um Hlíðarhús er hið sama sagt, en það var vissulega hjáleiga árið 1703 (Manntal á Íslandi 1703. 1924-1947:406). Þetta á einnig við um Brattagerði (fornleifar nr. 3:1-3). Þetta kann að vera vísbending um að Veturhús hafi verið byggð ofan á kotbýli. Fyrir neðan Veturhús og nokkru suðvestar, er Seleyri og Selkvísl. Mörg sel urður að kotum og öfugt sem gæti líka bent til selstöðu. Kannski var þetta arftaki Urðarsels sem er nokkuð sunnar og ofar í hlíðinni.

## Teikning/Mynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með því að fornleifafræðingur verði viðstaddur þegar línan er lögð hjá rústinni.